

- 106 2. ath. Að því leyti, sem eptirstöðvar sýslusjóða Norður- og Suðurmúlasýslna eru svo miklar, skal vísað til skýrslu um fund amtsráðsins 1. og 2. ágúst f. á. (Stjórnartíðindi 1884, B. bls. 159—160), og þess getið að sýslumaðurinn í Suðurmúlasýslu hafði tekið uppí reikninginn hlutdeild sýslunnar úr búnaðarskólasjóði amtsins, sem honum var útborgaður fyrir árslok 1884.

Skrifstofu norður- og austuramtsins 7. dag októbermán. 1885.

J. Havsteen.

- 107 Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um lán
19. okt. til að kaupa jörð til búnaðarskólastofnunar. — Með brjefi þessu var sýslunefndinni í Borgarfjarðarsýslu veitt til bráðabyrgða 1200 kr. lán úr viðlagasjóði til að kaupa handa sýslunni jörðina Hvanneyri til búnaðarskólastofnunar móti því að lán þetta endurborgist og ávaxtist með 6% á ári í 28 ár.

- 108 Brjef landshöfðingja til stiptsýfirvaldanna um lán handa prestakalli til að
20. okt. gjörðar á kirkju. — Með brjefi þessu var Hofsprestakalli í Álptafirði veitt 300 kr. lán úr landssjóði til viðgjörðar á kirkjunni að Hálsi í Hamarsfirði gegn því að lánið ávaxtist með 4% á ári, og endurborgist af tekjum prestakallsins með 50 kr. á ári í 6 ár.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögunum fyrir 1884 og 1885.

10. gr. C 5. a

Veittar 138 kr. uppí kostnað við bráðabirgðaaðgjörðir á fjallvegnum yfir Öxnadalshéið og Vatnsskarð Skagafjarðarsýslu megin. — Ennfremur leyft að verja 111 kr. til aðgjörðar á Öxnadalshéið arveginum Eyjafjarðarsýslu megin af fje því, sem veitt var til vegabóta á Vaðlaheiði (sbr. Stj. tíð. p. á. B. bls. 59).

EMBÆTTISSKIPANIR O. FL.

7. nóvember var verzlunarstjóri S. Richter settur til þess fyrst um sinn að vera umboðsmaður Arnarstapa og Skógarstrandarumboðs.

19. s. m. veitti landshöfðingi prestí að Hofi í Álptafirði, síra Brynjólfi Jónssyni Bergsstaða prestakall í Húnavatnsprófastsdæmi frá næstkomandi fardögum.

ÓVEITT PRESTAKALL OG SÝSLAN.

Hof í Álptafirði í Suðurmúlaþrófastsdæmi. Af brauðinu greiðist eptirlaunahluti upp-
gjafaprests samkvæmt 6. gr. laga 27. febr. 1880. Á því hvílir og 300 kr. landsjóðslán, sem að því leyti fráfaranda eigi kann að verða gjört að skyldu að borga það, endurborgast af þeim, sem brauðið fær, með 50 kr. á ári auk vaxta. Brauðið er metið 1483 kr. 96 a. Auglýst 20. nóvember 1885.

Umboðið yfir Arnarstapa og Skógarstrandarjörðum ásamt Hallbjarnar-
eyri verður veitt frá fardögum 1886. Umboðsmaður hefir í laun sjöttung ($\frac{1}{6}$ eða $16\frac{2}{3}\%$) af um-
boðstekjum þeim, er hann innheimtir, en verður að standa landssjóði skil á þeim í peningum eptir
verðlagsskrá, þó þær sjeu greiddar honum í landaurum. Bónarbrjef um sýslan þessa eiga að stílast til
landshöfðingja, en sendast amtranninum yfir suðuramtinu og vesturamtinu innan loka febrúarmánaðar
næstkomandi.

Sá er skipaður verður umboðsmaður verður að setja veð eptir nákvæmari ákvörðun lands-
höfðingjans.